

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 458/1991. **Ólafur Skúlason**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefnumbirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. október sama ár. Hann krefst þess, að málsmeðferð í héraði verði ómerkt og kröfum stefnda á hendur sér vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest, að því er áfrýjanda varðar, og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var munnlega flutt um frávísunarkröfu áfrýjanda 8. þessa mánaðar. Mótmælti stefndi þá frávísunarkröfunni.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Hann byggir frávísunarkröfu sína á því, að héraðsdómsstefna hafi ekki verið löglega birt á hendur sér. Stefnan er í vottorði stefnuvotta Reykjavíkur sögð birt 2. maí 1990 fyrir Sheller Mershum „á heimili hennar, Laxalóni v/Vesturlandsbraut...“.

Áfrýjandi var á þessum tíma ásamt fjölskyldu sinni búsettur að Laxalóni. Samkvæmt fram lögðu vottorði þjóðskrár var þá enginn með ofangreindu nafni skráður þar til heimilis. Þá liggja að öðru leyti ekki fyrir gögn um það, hver þessi aðili er.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er fram komið, að stefnumbirting fór ekki fram samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, er í gildi voru á þessum tíma. Ber því að ómerkja hina áfrýjuðu áritun og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

2063

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun á að vera ómerk, að því er áfrýjanda varðar, og er málinu að því leyti vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, Ólafi Skúlasyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
